

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, þriðjudaginn 10. mars 2015 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Úttekt á efndum íslenskrar málstefnu

Sjá fg. stj. ÍM 1/2014, 2. lið. 4–5 blaðsíðna bréf til ráðherra með helstu áhersluatriðum ÍM verður látið fylgja skýrslu til ráðherra um störf Málnefndarinnar sem skilað verður í sumar. Fylgiskjöl sem unnið hefur verið að í tengslum við úttektina verða birt á vef ÍM. Lokið verður við bréfið á næsta fundi stjórnar ÍM og hefur Haraldur tekið að sér að semja drög að því.

2. Vinnuhópur um ríkjaheiti

Sjá fg. stj. ÍM 1/2015, 1. lið. Formaður hefur verið samskiptum við Jón Egil Egilsson prótókollstjóra hjá utanríkisráðuneytinu um skipan hóps um ríkjaheiti (sjá einnig *Mál til bókungar*). Formaður sagði að í raun væri þetta á verksviði málræktarsviðs Árnastofnunar og því hefði hún einnig verið í sambandi við Guðrúnu Nordal forstöðumann þar. Haraldur Bernharðsson verður fulltrúi ÍM í hópnum, Ari Páll Kristinsson fulltrúi Árnastofnunar og Anna Sigríður fulltrúi RÚV auk annarra. Jón Egill mun stýra hópnum og sjá um að kalla hann saman.

3. Önnur mál

a) Skýrslur til ráðherra um störf Íslenskrar málnefndar 2010–2011 og 2011–2015

Formaður hyggst í apríl taka til við að semja skýrslur til ráðherra um störf Málnefndarinnar. Semja þarf tvær skýrslur: aðra um þá Málnefnd sem starfaði frá 1. nóvember 2010 til 7. júní 2011 og aðra um núverandi nefnd sem starfað hefur frá 1. september 2011 og hættir 31. ágúst í ár.

b) Stafsetningarnefnd ÍM

Haraldur greindi frá því að nefnd ÍM um endurskoðun ritreglna, sem í eiga sæti Haraldur, Jóhannes og Margrét Guðmundsdóttir, hygðist þinga bráðlega og taka saman í skýrslu það sem áunnist hefði í endurskoðun þeirra. Áfangaskýrslu eldri stafsetningarhóps var skilað til ÍM 14. október 2010 (sjá fg. ÍM 2/2010, 3. lið). Tillögunum yrði síðan skilað til ráðherra í sumar ásamt skýrslum um störf ÍM.

Mál til bókungar:

Formaður ÍM sendi bréf 14. febrúar 2015 til Jóns Egils Egilssonar prótókollsstjóra utanríkisráðuneytis og samrit til Guðrúnar Nordal, forstöðumanns Árnastofnunar, og Ara Páls Kristinssonar, stofustjóra málræktarsviðs Árnastofnunar. Efni bréfsins var nýlegur listi utanríkisráðuneytis, *Ríkjaheiti á íslensku*, sem birtur er á vef ráðuneytisins. Þessi listi stangast á að mörgu leyti við ríkjaheitalista Árnastofnunar (áður Íslenskrar málnefndar). Formaður lagði í bréfinu til „að skipuð yrði nefnd með fulltrúum frá utanríkisráðuneyti, Hagstofu Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Íslenskri málnefnd, Ríkisútvarpinu og Bláðamannafélagi Íslands sem færi yfir listana og kæmi sér saman um einn lista sem yrði opin og aðgengilegur á vefnum.“ Um þetta mál sjá fg. stj. ÍM 1/2015, 1. lið.

Formanni barst svarbréf, dags. 25. febrúar 2015, frá Jóni Agli Egilssyni prótókollstjóra utanríkisráðuneytis við bréfi ÍM 14. febrúar 2015 (sjá *Mál til bókungar* fyrir neðan). Í bréfi Jóns segir: „Utanríkisráðuneytið fagnar þessu jákvæða framlagi Íslenskrar málnefndar, sem hefur það hlutverk að veita sjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu.“ Jón segir einnig: „Bæði hefur þar [þ.e. í því hvernig farið er með heiti erlendra ríkja í íslensku máli] gætt mikils, og augljóss, ósamræmis en ekki er síður bagaleg sú tilhneiging að nálgast þetta málefni án tillits til þess samhengis, að heiti ríkja eru sérnöfn [...]“. Ráðuneytið telur „mjög jákvætt að kannað verði hvort hægt sé að koma á framfæri samræmdum leiðbeinandi lista, sem yrði „opin og aðgengilegur á netinu““.

Formaður ÍM sendi bréf 24. febrúar 2015 til nefndasviðs Alþingis vegna frumvarps til laga um beytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum. 389. mál. Í bréfinu segir m.a.: „Gildandi lög um mannanöfn eru hátt í 20 ára og eðlilegt að endurskoða þau í ljósi gagnrýni sem fram hefur komið og breyttra viðhorfa í samfélaginu, m.a. í mannréttindamálum. Á hinn bóginn varar Íslensk málnefnd við því að breyta einstökum ákvæðum gildandi laga eða fella þau brott án þess að skýr heildarhugsun liggi þar að baki.“ Einnig segir í bréfinu: „Eigi að endurskoða lögin er nauðsynlegt að vandað verði til verka og sérfróðum mönnum á sviði íslensks máls, nafnfræði og mannréttinda falið að vinna að þeirri endurskoðun.“

Formaður ÍM sendi bréf 24. febrúar 2015 til nefndasviðs Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjölmiða nr. 38/2011. Breytingin snýr að textun myndefnis. Í bréfinu stendur m.a.: „Íslensk málnefnd telur það réttindamál heyrnarlausra og heyrnarskertra, en einnig þeirra sem erfitt eiga með að skilja talað íslenskt mál, að hafa tækifæri til að lesa texta á skjá og fá þannig full not af útsendu efni.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 15.15. Næsti fundur verður haldinn 16. apríl.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.